

## 1. samráðsfundur aðgerðarstjórnar Sveitarfélagsins Voga, 24. mars 2020

### **Þátttakendur**

Ásgeri Eiríksson, bæjarstjóri, Einar Kristjánsson, bæjarritari, Vignir Friðbjörnsson, forstöðumaður eigna. Gestur: Daníel Arason, menningarfulltrúi.

### **Staðan almennt**

588 smit á landinu þar af eru 29 smit á Suðurnesjum

### **Sviðin hvert fyrir sig:**

#### **Skólinn:**

Það gengur vel og allir starfa samkvæmt áætlun í hólfunum. Kennarastofan er lokuð og engin samgangur er á milli hóla í skólanum. Ekkert barn hefur verið skráð sem forgangsbarn.

#### **Leikskólinn**

Deildunum er skipt í tvennt bæði varðandi nemendur og starfsfólk sem þýðir að bæði börn og starfsfólk mæta í skólann anna hvern dag. Fjögur börn eru skráð sem forgangsbörn.

#### **Álfagerði**

Aðgerðastjórnin tekur þá ákvörðun að loka sameiginlega matartímanum hjá íbúum Álfagerðis og því eldra fólki sem hefur komið utanfrá til að borða frá og með miðvikudeginum 25.mars 2020.

Boðið verður uppá matarbakka í stað þess að vera með mat í matarsalnum.

#### **Íþróttamiðstöðin**

Íþróttamiðstöðin og félagsmiðstöðin eru lokaðar frá og með deginum í dag, 24. mars 2020, eftir tilmælum frá ráðherra og sóttvarnarlækni.

Fundaraðastaða fyrir flokkana og bæjarráð og bæjarstjórn er í félagsmiðstöðinni.

#### **Skrifstofan**

Starfsfólki skrifstofunnar er skipt í tvennt þannig þjónustuverið vinnur í tveimur hollum. Tvær vinna á skrifstofunni og félagsmiðstöðin er síðan nýtt sem skrifstofuaðstaða fyrir hinar tvær frá þjónustuverinu. Þær skiptast síðan á annan hvern dag.

#### **Umhverfiseild**

Starfsmönnum þjónustumiðstöðvar er skipt í þrennt. Einn ekur skólabílnum/strætó og annar er á vakt á umhverfiseildinni og mega engin samskipti vera á milli þeirra. Sá þriðji er á einskona bakvakt heimavið og getur komið með stuttum fyrirvara ef þörf er á. Forstöðumaður reynir síðan í lengstu lög að forðast að vera í beinum samskiptum við þá aðila sem eru í vinnu.

#### **Næsti fundur**

Miðvikudaginn 25.03.20 kl. 8.30